

# **Skriðuföll á Ísafirði og í Hnífsdal**

**Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson**

Unnið fyrir Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóð

NÍ-99010

Akureyri, 1999

## EFNISYFIRLIT

|                          |    |
|--------------------------|----|
| <b>1 INNGANGUR</b>       | 3  |
| <b>2 SKRIÐUANNÁLL</b>    | 3  |
| 2.1 Ísafjörður           | 4  |
| 2.2 Hnífsdalur           | 14 |
| <b>3 FORN SKRIÐUFÖLL</b> | 15 |
| <b>4 NIÐURSTÖÐUR</b>     | 16 |
| <b>5 HEIMILDIR</b>       | 17 |

## TÖFLUR OG MYNDIR

|                                                            |    |
|------------------------------------------------------------|----|
| <b>Tafla 1.</b> Yfirlit um flóð og skriðuföll 1797-1999    | 18 |
| <b>Mynd 1.</b> Skriðusvæði og skriðufarvegir í Eyrarfjalli | 20 |
| <b>Mynd 2.</b> Staðsett skriðuföll á Ísafirði 1934-1999    | 21 |
| <b>Mynd 3.</b> Forn skriðuföll í Skutulsfirði              | 22 |

## I INNGANGUR

Skýrsla þessi, sem er unnin í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands (Halldór G. Pétursson) og Veðurstofu Íslands (Þorsteinn Sæmundsson) er hluti af vinnu við könnun á skriðuhættu á Ísafirði og í Hnífsdal. Hér er fyrst og fremst rakin saga skriðufalla á Ísafirði og í Hnífsdal og er aðallega byggt á rituðum heimildum frá þessari öld. Það fundust aðeins heimildir um tvö skriðuföll í Hnífsdal á þessari öld, en á Ísafirði má með góðum vilja teygja söguna aftur til 1797, þótt fyrstu öruggu heimildinar séu frá því um síðustu aldamót. Eftir það er eyða í heimildum þar til 1934, en síðan þá er 24 sinnum getið skriðufalla eða grjóthruns á Ísafirði. Hluti af þessum skriðum er staðsettur (tafla 1), en eflaust eru óstaðsettu skriðurnar sem fallið hafa á tímabilinu mun fleiri. Þá má vel vera að einhverra skriðufalla sé ekki getið í heimildum, en þó er reiknað með að heimildir hafi fundist um alla stærri atburði á tímabilinu (1934-1999). Þá hefur grjóthrun eflaust orðið mun oftár á svæðinu en heimildir geta um (Haukur Tómasson 1969). Skriðusaga Ísafjarðar og Hnífsdals nær að sjálfsögðu mun lengra aftur og á þar sem og annarstaðar á Skutulsfjarðarsvæðinu hafa fallið mun fleiri skriður en þær sem hér er fjallað um. Um það vitnar Jarðabókin frá 1710.

Vegna könnunar á skriðuhættu á Ísafirði og í Hnífsdal hafa verið kortlögð jarðfræðileg ummerki skriðufalla og snjóflóða (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999). Í þeirri skýrslu er svæðinu skift upp í fimm skriðusvæði og innan þeirra skilgreindir skriðufarvegir (mynd 1). Þessi svæði eru A) Kubbi, B) Eyrarfjall, frá Seljalandsá að Gleiðarhjalla, C) Eyrarfjall, undir Gleiðarhjalla, D) Eyrarfjall, utan við Gleiðarhjalla eða Eyrarhlíð og E) Hnífsdalur. Mest áhersla hefur verið lögð á að kanna svæðin ofan við byggðina, skilgreina skriðufarvegi og staðsetja skriður úr þeim. Þannig eru skilgreindir fjórir farvegir á svæði B (Seljalandshlíð, S-1 til S-4) og níttján á svæði C (Gleiðarhjalli, G-1 til G-19). Þar sem engin byggð er á svæði E (Eyrarhlíð), hafa þar hvorki verið skilgreindir skriðufarvegir né staðsettar skriður. Þó er ljóst að þar hefur fjöldinn allur af skriðum fallið á tímabilinu.

Við félagarnir höfum skift með okkur verkum á þann hátt að ég (Halldór G. Pétursson) hef fyrst og fremst séð um heimildavinnu, en Þorsteinn Sæmundsson kannaði allar aðstæður á vettvangi. Hann ræddi auk þess við heimamenn og aflaði mikilvægra upplýsinga hjá þeim. Viljum við sérstaklega þakka þeim Garðari S. Einarssyni, Oddi Péturssyni og Sveinbirni Veturliðasyni fyrir aðstoðina.

## 2 SKRIÐUANNÁLL

Skriðuannállinn sem hér birtist er aðallega skriðusaga Ísafjarðar og Hnífsdals á þessari öld. Eru upplýsingarnar fyrst og fremst fengnar úr dag- og fréttablöðum þess tíma sem atburðirnir urðu. Þessar upplýsingar hafa verið tündar saman fyrir landið allt í skriðuannálum sem Ólafur Jónsson (1957, 1974) og Halldór G. Pétursson (1991, 1992, 1993, 1994, 1996, 1997) hafa tekið saman. Hér hefur sá háttur verið hafður á að textinn er stundum tekinn beint upp úr frumheimildinni, þótt hennar sé ekki getið á annan hátt en með gæsalöppum. Í önnur skifti höfum við sjálfir sett saman lýsingu. Ef menn æskja þess að kanna nánar frumheimildir þá finnast tilvísanir í þær í

skriðuannálunum, en allar þær upplýsingar eru til í gagnasafni Náttúrufræðistofunar Íslands á Akureyri. Til glöggvunar þá höfum við einnig bætt við athugasemdum auk upplýsinga um veðurfar og úrkomumagn þá daga sem skriðuföllin urðu. Eru flestar þær upplýsingar fengnar úr Veðráttunni. Þá hefur einnig verið stuðst við skýrslu Hörpu Grímsdóttur (1999) um byggingarár húsa á Ísafirði.

## 2.1 Ísafjörður

Af þeim skriðum sem fallið hafa á tímabilinu hefur tekist að staðsetja þó nokkrar og eru þær sýndar á mynd 2. Þessar skriður eru þó varla nema brot af öllum þeim skriðum sem fallið hafa á svæðinu á tímabilinu. Mest áhersla hefur verið lögð á að staðsetja þær skriður sem fallið hafa úr Gleiðarhjalla, ofan við byggðina. Lítil áhersla hefur verið lögð á að staðsetja skriður úr Eyrarhlíð, þótt að eflaust hafi þar fallið flestar skriðurnar á tímabilinu.

### 8.-9. jan. 1797, Eyrarfjall?

**Skriður:** Stórviðra- og hryðjusamt um suðvesturhluta landsins fram eftir vetri. Mest brögð urðu að þessu þann 8.-9. jan. Þá skemmdi úrhellsregn með veðurofsa fjölda jarða, einkum í Dölum og á Vestfjörðum, með skriðuföllum.

**Tjón/atburðarás:** Skriðuföllin tóku bæði tún og engjar, með aurs árrennsli, vatnsgangi, jarðföllum og landbrotum, svo að margar jarðir urðu lítt byggilegar.

**Veður:** Úrhellsregn með veðurofsa.

**Heimild:** Ólafur Jónsson 1957.

**Ath:** Þess er getið að skemmdir hafi einkum orðið í Önundarfirði, Dýrafirði, Skutulsfirði og Bolungarvík. Miðað við þekkingu okkar á skriðuföllum í Eyrarfjalli er ekki ólíklegt að þar hafi orðið mikil skriðuföll í þetta skiftið.

### 11 júlí 1899, Gleiðarhjalli

**Skriða:** „Aurskriða féll í Eyrarhlíð við Ísafjörð aðfaranótt 11. júlí“. Allt bendir til að skriðan hafi fallið úr Gleiðarhjalla.

**Tjón/atburðarás:** Braut túngarða og spillti lóðablettum þeirra Guðbjartar Jónssonar, beykis og Erlendar Kristjánssonar, snikkara.

**Veður:** ?

**Heimild:** Ólafur Jónsson 1957.

**Ath:** Vonlítið virðist að reyna að staðsetja þessa skriðu frekar.

### 20.-21. sept. 1900, Eyrarhlíð

**Skriður:** „Hlupu þá skriður í Eyrarhlíð við Ísafjörð, svo að á svæðinu frá kaupstaðnum út á Langhól var víða skriða við skriðu“.

**Tjón/atburðarás:** Vegurinn á þessum kafla eyðilagðist víða.

**Veður:** „Í september gengu ákaflegar rigningar“.

**Heimild:** Ólafur Jónsson 1957.

**Ath:** Þá féllu einnig miklar skriður víðar, svo sem í Önundarfirði og Súgandafirði.

### 3.-4. júní 1934, Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegur G-11)

**Skriður:** Skriður féllu víða við Ísafjörð og nágrenni. Skriða féll úr Krókslæk (farvegur G-11) og tvær á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

**Tjón/atburðarás:** „Á sunnudaginn var (3. júní), féllu tvær skriður til sjávar á Eyrarhlíð. Tepptist vegurinn til Hnífsdals fyrir bíla þangað til á mánudag að gert var

við veginn. Aðfaranótt mánudagsins (4. júní), kl. að ganga 5 féll skriða yfir tún Bjarneyjar Einarsdóttur og rétt fram hjá húsi Jónasar Helgasonar í Króki. Munaði minnstu, að skriðan lenti á húsinu, en kálgarður, sem er við húsgaflinn og búið var að setja niður í kartöflur og rófur, eyðilagðist með öllu. Tún Bjarneyjar er stórskemmt og liggur meira en hálf undir skriðunni. Þarf hún nú á hjálp bæjarins að halda til að fá aurinn og grjótið flutt í brott“. Skriða þessi féll úr Krókslæk.

**Veður:** Þann 1.-5. SV- og S-veðrátta. Hitar í byrjun mánaðarins ollu miklum leysingum til fjalla.

**Heimildir:** Veðráttan, júní 1934, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996.

**Ath:** Miklir vatnavextir urðu víða um land í kjölfar hlýindanna, en hvergi er getið um skriðuföll nema á Ísafirði.

### 13. ágúst 1936, Eyrarhlíð

**Skriður:** Á Eyrarhlíð féllu tólf skriður yfir þjóðveginn til Hnífsdals.

**Tjón/atburðarás:** Vegurinn til Hnífsdals lokaðist. „Afar mikil rigning var á Ísafirði þann 13. þessa mánaðar. Mun hún bæði hafa valdið skemmdum á heyjum, og víða orsakað skriðuhlaup“.

**Veður:** Þann 11.-13. voru lægðir fyrir sunnan Ísland og yfir Grænlandshafi, SA- og síðan S-átt með nokkurri rigningu einkum vestanlands og sunnan. (Bolungarvík 14.08.36 - 24 mm).

**Heimildir:** Veðráttan, ág. 1936, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996.

**Ath:** Ekki er kunnugt um hvort rigningin orsakaði skriðuföll annars staðar en á Ísafirði.

### 21.-22. september 1942, Eyrarhlíð

**Skriða:** „Skriðufall varð nýlega við Ísafjörð, líklega í rigningum þ. 21.-22. sept“.

**Tjón/atburðarás:** „Urðu af því töluverðar skemmdir og meðal annars lokaðist vegurinn til Hnífsdals“.

**Veður:** Þann 21. hvessti á suðaustan vegna lægðar, sem kom suðvestan að og fór austur fyrir sunnan land. Þann 22. snérist vindur til austurs og norðausturs Mikil rigning fylgdi lægð þessari. (Bolungarvík 22.09.42. - 26.7 mm).

**Heimildir:** Veðráttan, sept. 1942, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996.

### Líklega að vori til 1943, Gleiðarhjalli (farvegir G-5 og G-6)

**Skriður:** Aurskriður (krapaspýjur) féllu úr Gleiðarhjalla, úr farvegum G-5 og G-6.

**Tjón/atburðarás:** Að minnsta kosti tvær aurskriður féllu úr Gleiðarhjalla. Þær voru báðar frekar vatnskenndar og flæddu til sjávar. Þær hefðu farið yfir uppfyllinguna við núverandi fótoltavöll, ef hún hefði verið til staðar á þessum tíma. Ekki hlaut neitt teljandi tjón af þessum aurskriðum.

**Veður:** ?

**Heimildir:** Garðar S. Einarsson, Oddur Pétursson og Sveinbjörn Veturliðason, munnlegar upplýsingar 1999.

### 24. okt. 1943, Norðanverður Kubbi, við Hafrafell

**Skriður:** „Sunnudagskvöld, 24. okt. féll mikil auskriða yfir nokkurn hluta túnsins á Hafrafelli í Skutulsfirði. Hún féll alveg í sjó niður, og var ekki bílfært inn fjörðinn fyrr en seinnipart mánudagsins“. Skriðan féll rétt fyrir innan bæinn Hafrafell í minni Engidals, norður undir Kubba. Skriðan átti upptök sín miðja vegu upp í klettabeltið, í svokallaðri Nautalág.

**Tjón/atburðarás:** Skriðan olli miklum skemmdum á túninu og lokaði vegi.

**Veður:** Þann 25.-29. lægðir fyrir suðvestan eða sunnan landið, stundum yfir því. Mikil úrkoma suma dagana. (Horn 25.10.43. - 60 mm).

**Heimildir:** Veðráttan, okt. 1943, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996, Oddur Pétursson, munnlegar upplýsingar 1999.

**Ath:** Skriðuföllin virðast hafa verið víðar, því sagt er að allmiklar skemmdir hafi orðið af völdum vatnavaxta í námunda við Ísafjörð. Þá geta heimildir þess að skriður hafi fallið á vegi og skemmt gróðurlendi, án þess að geta nánar um staðsetningu.

### **Haust 1951, Gleiðarhjalli (farvegur G-8)**

**Grjóthrun:** Grjóthrun varð í Gleiðarhjalla, líklega úr farvegi G-8.

**Tjón/atburðarás:** Stór steinn féll niður innan við spennistöð Orkubús Vestfjarða. Steinninn féll úr klettabeltinu fyrir ofan svonefnda Stóruurð og endaði á túni fyrir ofan byggðina.

**Veður:** ?

**Heimildir:** Garðar S. Einarsson, Oddur Pétursson og Sveinbjörn Veturliðason, munnlegar upplýsingar 1999.

### **18. október 1953, Eyrarhlíð**

**Skriður:** Þrjár skriður féllu á veginn til Hnífsdals.

**Tjón/atburðarás:** „Þrjár aurskriður féllu á veginn til Hnífsdals og tepptist umferð um veginn af þessum sökum um nokkurn tíma“.

**Veður:** Þess er getið að hellirigning hafi verið þann 18. og heita megi að allur snjór sé horfinn í nágrenninu. Hlýtt loft barst inn yfir landið með suðaustlægni átt þ. 15., og hélst hlýindatíð til þ. 22. Hiti var 6° yfir meðallagi þ. 18., og var það tiltölulega hlýjasti dagur mánaðarins. Um norðaustanvert landið úrkomulítið, en í öðrum landshlutum voru stöðugar úrkomur, og var stundum um verulegt úrkomumagn að ræða um sunnan- og vestanvert landið.

**Heimildir:** Veðráttan, okt. 1953, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1992.

**Ath:** Í þetta skiftið féllu einnig skriður á Óshlíð.

### **13. apríl 1955, Eyrarhlíð**

**Skriður:** Tólf aurskriður féllu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals og er þess getið að það sé mjög sjaldgæft að skriður loki þessum vegarkafla.

**Tjón/atburðarás:** „Tólf aurskriður féllu úr fjallinu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Gerðist þetta milli kl. 17 og 18. Ein bifreið er var á veginum lokaðist inni milli tveggja skriðna, í brekkunni við svonefnda Götu. Vegurinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals er því ófær sem stendur, en þegar verður unnið að lagfæringu hans og vænta menn þess að hann verði aftur orðinn fær á morgun“.

**Veður:** Úrkoma var töluverð um vestan- og sunnanvert landið dagana 9.-18. apr. Þess er getið að „geysimikil úrhellisrigning“ hafi verið á Ísafirði 13. og 14. apr. (Flateyri 15.04.55 - 31.5 mm, Suðureyri 15.04.55. - 28.8 mm, Galtarviti 15.04.55 - 24 mm).

**Heimildir:** Veðráttan, apr. 1955, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1992.

### **1955-56, Gleiðarhjalli (farvegur G-10)**

**Skriða:** Lítil aurskriða féll úr Gleiðarhjalla, líklega úr farvegi G-10.

**Tjón/atburðarás:** Lítil aurskriða féll niður á Urðargötu. Skriðan fór niður á ræktað tún en olli ekki öðru tjóni.

**Veður:** ?

**Heimildir:** Garðar S. Einarsson, Oddur Pétursson og Sveinbjörn Veturliðason, munnlegar upplýsingar 1999.

**Ath:** Ef til vill hefur skriðan fallið um leið og skriðurnar féllu 13. apr. 1955, en eins má vel vera að skriðan hafi fallið á einhverjum öðrum tíma, jafnvel 19.-20. nóv. 1956.

### **19.-20. nóvember 1956, Eyrarhlíð**

**Skriður:** Sex stórar skriður féllu úr Eyrarhlíð.

**Tjón/atburðarás:** „Hér rigndi látlaust frá því í fyrrakvöld og fram á dag í gær og hefur þessi mikla rigning orsakað mikil skriðuföll. Úr Eyrarfjalli féllu sex stórar skriður auk margra minni. Unnið er að því með jarðýtu að ryðja veginn út í Hnífsdal, en ekki var því verki lokið í gærkvöldi (20. nóv.)“.

**Veður:** Dagana 15.-21. var víða stórrigning um sunnan- og vestanvert landið (Æðey 21.11.56 - 15.6 mm, Kjörvogur 19.11.56 - 22.5 mm).

Þess er getið að á Ísafirði hafi látlaust rignt frá því á mánudagskvöldið (19.11.) og fram á þriðjudag (20.11.) og þessi mikla rigning hafi orsakað mikil skriðuföll. Þess er einnig getið að í rigningunum hafi mikinn snjó tekið upp.

**Heimildir:** Veðráttan, nóv. 1956, Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1992.

**Ath:** Í þetta skriftið féllu einnig skriður á Óshlíð.

### **18.-19. nóvember 1958, Eyrarhlíð**

**Skriður:** Skriður féllu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

**Tjón/atburðarás:** „Í nótt féllu skriður á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals og varð hann ófær af þeim sökum. Byrjað var að moka um kl. 6 í morgun og var því verki lokið um hádegi“.

**Veður:** „Um helgina var norðanátt og snjóaði þá víða og sums staðar á Vesturlandi var snjór niður í byggð. Síðan gekk til suðvestan áttar með rigningu og komst hitinn víða upp í 7 til 10 stig. Við þetta hljóp vöxtur í ár og læki, auk þess, sem skriður féllu víða“.

**Heimildir:** Veðráttan, nóv. 1958, Ólafur Jónsson 1974, Halldór G. Pétursson 1992.

**Ath:** Í þetta skriftið voru skriðuföll mjög víða á Vesturlandi og Vestfjörðum enda fádæma úrkoma á landinu þessa dagana (Andakílsvirkjun 18.11.58 - 165.3 mm, Stóri-Botn 18.11.58 - 184.6 mm).

### **September 1960, Dagverðardalur**

**Skriða:** Aurskriða eða jarðfall féll í vestanverðum dalnum.

**Tjón/atburðarás:** Aurskriða eða jarðfall féll úr vesturhlíð Dagverðardals á ferskvatnslögn Ísfirðinga, sem þá var í smíðum. Töluverður aur fór inn í leiðsluna og þurfti að hreinsa út mikið magn efnis. Aurskriðan átti upptök sín í miðri hlíð, í tiltölulega litlum halla og féll yfir veginn upp á Breiðadalsheiði.

**Veður:** ?

**Heimild:** Oddur Pétursson, munnlegar upplýsingar 1999.

**Ath:** Hugsanlega er hér á ferðinni sama skriðufallið og getið er um í Dagverðardal 18.-20. okt. 1965.

### **18.-20. október 1965, Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegur G-8), Dagverðardalur, Kirkjubólshlíð**

**Skriður/grjóthrun:** Skriður féllu víða úr Eyrarfjalli. Vegurinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals tepptist. Skriðuföll og grjóthrun urðu úr Gleiðarhjalla. Sagt er að líklega hafi skriður fallið í vatnbólíð á Dagverðardal. Þá er þess einnig getið að skriðuföll og grjóthrun hafi orðið á Súðavíkurvegin og er líklegt að þar sé bæði átt við Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð.

**Tjón/atburðarás:** „Vegurinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals tepptist um tíma. Hér á Ísafirði runnu nokkrar aurskriður úr fjöllum í dag (18.10.) og um miðjan dag var nokkuð um grjótflug og m.a. sást gífurlega mikið bjarg falla úr mikilli hæð niður undir byggðina og stöðvaðist fyrir ofan auð fjárhús, skammt fyrir innan aðveitustöð rafveitunnar. Lenti bjarg þetta í mjúkum jarðvegi og stöðvaðist þar, átti þá skammt ófarið að húsunum neðar í hlíðinni“. Sagt er að bjargið hafi verið um 60 tonna og stöðvast um 5 m frá húsum við Urðarveg. Líklega féll það úr farvegi G-8.

„Fjöllin eru öll á iði og hafa víða fallið aurskriður og grjót hrunið. Í nótt (20.10.) varð mörgum ekki svefnsamt í íbúðarhverfunum undir Eyrarfjalli, því margar aurskriður féllu og hávaði var sem fallbyssudrunur, er stórgrýti hrundi niður fjallshlíðina“. „Neysluvatnið sem bæjarbúar fá innan úr Dagverðardal hefur verið mjög mórautt og er líklegt að skriður hafi fallið í vatnsbólið“. „Aurskriður hafa einnig fallið á Súðavíkurveginum og einnig hefur þar hrunið mikið grjót, en vegurinn helst þó fær“.

**Veður:** Þann 18.-25. var mjög hlýtt í veðri. Á sunnan- og vestanverðu landinu var mjög rigningasamt (Galtarviti 19.10.65 - 28.8 mm, Æðey 20.10.65 - 19.9 mm). Snjóa leysti og urðu mikil flóð og víða vegaskemmdir. „Þessar miklu rigningar hafa verið stanslaust á Ísafirði undanfarna þrjá, fjóra daga og er nú (20.10.) grjóthrunið og skriðurnar þar nær látlausar“.

**Heimildir:** Veðráttan, okt. 1965, Ólafur Jónsson 1974, Halldór G. Pétursson 1992.

**Ath:** Mjög mikil skriðuföll urðu í þetta skifið á Vesturlandi og Vestfjörðum og mikið tjón í þeim, sérstaklega á vegum. Hættuástand hefur verið víða og sem dæmi má hafa eftir klausu úr einu dagblaðanna frá þessum tíma. „Er mikil mildi, að ekki hafa orðið slys á vestfirskum þjóðvegum, þar sem grjóthrunið hefur dunið yfir fyrirvaralaust og ætíð skyndilega og hafa jafnvel stór björg henst í loftköstum úr bröttum fjallshlíðum og niður á vegina“.

### 3.-4. nóvember 1965, Eyrarhlíð, Seljalandshlíð (farvegur S-3), Gleiðarhjalli (farvegir G-4, G-11, G-15), Dagverðardalur, Kirkjubólshlíð

**Skriður:** Skriður féllu úr Gleiðarhjalla, í Eyrarhlíð, í Kirkjubólshlíð og á Dagverðardal.

**Tjón/atburðarás:** Þessi skriðuföll eru ein þau mestu sem heimildir eru um á Ísafirði. Bæði voru skriðurnar margar og tjón varð mjög mikið. Mest hafa skriðuföllin sennilega orðið við Stakkanes, en þar (farvegur G-4) runnu a.m.k. sex miklar aurskriður, hátt ofan úr fjallinu og niður í sjó á tímabilinu frá því kl. 08 til kl. 18 þann 04.11. Lýsir einn af fréttaritutum dagblaðanna, sem var sjónarvottur að skriðuföllum þarna, þeim á eftirfarandi hátt: „Þetta byrjar með þungum drunum og velta aurskriðurnar í bylgjulaga flaumi niður hlíðina og rísa allt að mannhæðarháar öldur og brotna eins og brotsjóar öðru hvoru og spýta þá út úr sér björgum og grjótregni með hvini og hvissum og stöðvast ekki fyrr en úti í sjó“. Samkvæmt dagblöðunum frá þessum tíma virðist atburðarás við Stakkanes hafa verið á eftirfarandi hátt:

„Klukkan 8 í morgun (04.11.), byrjaði aurskriða að renna niður svokallaðan Stakkanes hrygg sem er rétt innan við Ísafjarðarkaupstað (farvegur G-4). Við það komust nýbyggð íbúðarhús við Miðtún, Sætún og Seljalandsveg í mikla hættu. Var mikið aurrennsli þarna niður fram undir hádegis og var stór jarðýta höfð til taks til að ýta aurnum fram af Seljalandsveginum. Um hádegisbilið tók ýtustjórinn (Oddur Pétursson) eftir því, að mikil aurskriða var að koma niður og stefndi beint á íbúðarhúsið Miðtún 29. Hann hafði snör handtök, hljóp upp á jarðýtuna og tókst í tíma að komast á henni að húsinu. Gat hann lagt henni þannig að skriðan lenti á ýtutönninni og rann þannig fram hjá húshorninu. Alls munu 5 eða 6 skriður hafa runnið niður af



Stakkaneshryggnum, og um fjögur leytið í dag (04.11), kom stór skriða þaðan. Lenti hún á steinsteyptum bílskúr við Seljalandsveg nr. 72. Skriðan braut bílskúrinn niður. Óhemju mikið af grjóti hefur borist niður í þessu aurrennsli og liggur mikið af því nú í kringum íbúðarhús við Seljalandsveg“.

Þess er getið að skriðuflaumurinn við Stakkanes hafi náð yfir 30 m breitt belti og skriðurnar hafi tekið með sér spennustöð og brotið niður marga síma- og rafmagnsstaura. Auk þess að brjóta niður bílskúr og skemma hús þá hafi þarna orðið mikil lóðaspjöll. Er þess sérstaklega getið að djúp aurleðja og grjótruðningur hafi verið á lóð Steiniðjunnar og þar mun einnig gamall vörubíll hafa orðið undir skriðunum. Að auki hirtu skriðurnar hjall og reykofa, fullan af kjöti og ekki er ólíklegt að þær hafi unnið frekari spjöll.

Annars staðar á Ísafirði féllu fjöldi skriðna. Innan við bæinn féll skriða við Grænagarð (líklega úr farvegi S-3). Sú lokaði vegi og skemmdi hann. Einnig féllu aurskriður utan til á Hlíðarvegi, en þær ollu ekki eins miklu tjóni eða erfiðleikum og þær sem féllu úr innanverðri hlíðinni. Þær náðu þó niður að íbúðarhúsum við Hlíðarveg (líklega úr farvegi G-11). Vegurinn til Hnífsdals lokaðist vegna skriðufalla og féllu um 10 skriður á veginn smáar og stórar. Klukkan 19:30 um kvöldið (04.11.), féll mikil aurskriða niður svokallaða Miðhlíð, sem er milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Sleit hún sundur háspennulínuna út í Hnífsdal. Þegar þetta gerðist var þornað til og komið frost. Skömmu síðar, eða um átta leytið, féll svo önnur skriða í Eyrarhlíðinni og lenti hún á húsinu Hnífsdalsvegi 35 (farvegur G-15). Skriðan braut vegginn á svefnherberginu, þannig að hann lyftist frá gólfi og skriðan féll inn í húsið. Þar í nágrenninu er þess getið að merkilegt hafi verið að sjá hvernig skriðurnar hafi smogið á milli hjalla og húsa í hlíðinni.

Vegurinn undir Kirkjubólshlíð lokaðist af völdum skriðufalla og var vegurinn til Súðavíkur með öllu ófær.

Vegurinn um Breiðadalsheiði mun einnig hafa lokast og er þar m.a. getið um skriðu við svonefnt Tunguleiti á Dagverðardal, skammt frá Ísafjarðarkaupstað. Á þeim vegi munu þó mestu skriðuföllin hafa orðið á sjálfum Breiðadal, Önundarfjarðarmegin.

**Veður:** Þann 3. þokaðist hæðarhryggur austur yfir landið, og vindur gekk til suðausturs og síðan suðurs og suðvesturs, en þá var vaxandi lægð á Grænlandshafi. Varð suðvestan stormur eða rok víða um vestanvert landið og mikil rigning á Vesturlandi og Vestfjörðum. (Suðureyri 04.11.65 - 87 mm, Galtarviti 04.11.65 - 24.8 mm, Hornbjargsviti 04.11.65 -35.8 mm). Þann 4. var lægðin milli Vestfjarða og Grænlands, og vindur varð vestlægari. Þessa tvo daga hlýnaði talsvert. Eflaust hafa orðið leysingar og bætt við regnvatnið, sem orsakaði víða flóð og skriðuföll og urðu víða vegaskemmdir.

**Heimildir:** Veðráttan, nóv. 1965, Ólafur Jónsson 1974, Halldór G. Pétursson 1992.

**Ath:** Þessi skriðuföll verða að teljast með þeim meiri sem vitað er um í nágrenni Ísafjarðarkaupstaðar og auk þess varð tjón í þeim mjög mikið. Skriður féllu víðar á Vestfjörðum. Á Óshlíð féllu a.m.k. 20-30 skriður og skriðuföll urðu í Hnífsdal og á Bolungarvík. Þá er getið um skriður á Breiðadalsheiði, nágrenni Súðavíkur, Súgandafirði, Önundarfirði, Dýrafirði og Patreksfirði. Þá urðu einnig mikil skriðuföll í Austur-Barðastrandarsýslu.

#### **28.-29. janúar 1972, Eyrarhlíð**

**Skriður:** Miklar skriður féllu milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

**Tjón/atburðarás:** Vegurinn lokaðist og af þeim sökum urðu umferðartafir.

**Veður:** Mikið vatnsveður og stormur gekk að sunnan yfir landið nóttina 28.-29. janúar og fylgdu því hlýindi sem orsökuðu asahláku (Æðey 29.01.72. - 25 mm). Er þess getið að allur snjór hafi horfið á einni stormnóttu.

**Heimildir:** Veðráttan, jan. 1972, Halldór G. Pétursson 1991.

**Ath:** Þessa nótt urðu miklir vatnavextir auk snjóflóða og skriðufalla á vestanverðu landinu. Þess er gerið að miklar skriður hafi fallið á veginna í Óshlíð og milli Ísafjarðar og Hnífsdals, en þar hafi skriðurnar þó verið heldur minni að vöxtum. Hugsanlega hafa þess skriður verið blanda af snjóflóðum og aurskriðum, margar einhvers konar krapahlaup.

#### **4. ágúst 1976, Eyrarhlíð**

**Skriður:** Tvær aurskriður féllu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

**Tjón/atburðarás:** „Tvær 20-25 m breiðar aurskriður féllu á Hnífsdalsveg og varð hann ófær fram eftir degi í gær (04.08.). Skriðurnar voru allt að 2 m þykkar og 15-20 m breiðar hvor um sig. Báðar skriðurnar féllu í sjó fram og voru þær aðallega aurblandað vatn en lítið grjót“.

**Veður:** Mikið þrumuveður gekk yfir vestanvert landið aðfaranótt 4. ágúst og fylgdi veðrinu mikil rigning.

**Heimildir:** Veðráttan, ág. 1976, Halldór G. Pétursson 1991.

**Ath:** Í þessu veðri féll einnig skriða á Óshlíðarveg og lokaði honum part úr degi.

#### **27.-28. ágúst 1977, Eyrarhlíð (farvegir G-1, G-15), Kirkjubólshlíð**

**Skriður:** Fjöldi skriðna féll í nágrenni Ísafjarðar, þar af féllu a.m.k. 38 úr Eyrarhlíð.

**Tjón/atburðarás:** „Mikil skriðuföll urðu við Ísafjarðardjúp á laugardaginn (27.08.) er þar gerði úrhellisrigningu“. 38 aurskriður féllu úr Eyrarhlíð, sem nær frá Seljalandi út í Hnífsdal. Skriðurnar byrjuðu að falla um 7 leytið og stóð þetta fram yfir miðnætti. Í einni heimild segir að 4 skriður hafi fallið á Hnífsdalsveg og lokuðu þær alveg veginum. Sumar voru einn til einn og hálfur metri á þykkt. Umferð tepptist á laugardag (27.08.) og fyrrihluta sunnudags (28.08.) og voru bílar lokaðir milli skriðna. Önnur heimild segir að á Hnífsdalsveg hafi fallið 7 meiriháttar skriður (aðrir segja 8), og stöðvaðist ein þeirra á húsi sem stendur við veginn (ysta húsið, líklega Hnífsdalsvegur 35, farvegur G-15). Einn maður bjó í húsinu, en hann var ekki heima þegar skriðan féll. Árfarvegur er við hlið hússins og fyllti grjótskriðan hann og dró þá nokkuð úr þunganum sem á húsinu lenti. Aur hlóðst upp að húsinu og skemmdist það töluvert. Allar skriðurnar féllu á um tveggja km kafla og eru þetta með mestu skriðuföllum sem þarna hafa orðið á tímabilinu.

Við Seljalandsveg runnu tvær skriður niður á veginn og skemmdu hann á köflum.

Þá er þess getið að töluverðar skemmdir hafi orðið á húsum og innbúi vegna vatnsflaums sem rann inn í nokkur hús á Ísafirði.

Á Engi innan við Ísafjörð fór skriða báðum megin við húsið (líklega úr farvegi G-1, frekar en S-4).

Í Kirkjubólshlíð hinum megin Skutulsfjarðar féllu margar skriður og fóru sumar yfir veginn og í sjó fram.

Þá féllu mjög margar skriður úr fjöllum í kringum Ísafjörð án þess þó að valda teljandi skemmdum.

**Veður:** Þann 27. og 28. var stormur allvíða um land. Regnsvæði fóru norðaustur yfir landið, og var mikil úrkoma víða um land. Talsverðar skemmdir urðu á vestanverðu landinu vegna hvassviðris, flóða, og skriðufalla. (Galtarviti 28.08.77. - 65.2 mm, Æðey 28.08.77. - 59.4 mm, Hornbjargsviti 28.08.77. - 81.9 mm).

**Heimildir:** Veðráttan, ág. 1977, Halldór G. Pétursson 1991.

**Ath:** Í þetta skiftið féllu einnig miklar skriður á Óshlíð, í Arnarfirði og Patreksfirði.

### **1980-85, Gleiðarhjalli (farvegur G-7)**

**Grjóthrun:** Stórgrýti féll niður í skógræktina líklega úr farvegi G-7.

**Tjón/atburðarás:** Einhvern tíma á þessu tímabili féll stórgrýti inn í skógræktina og braut þar niður nokkur tré.

**Veður:** ?

**Heimildir:** Garðar S. Einarsson, Oddur Pétursson og Sveinbjörn Veturliðason, munnlegar upplýsingar 1999.

### **29. júní 1983, Gleiðarhjalli (farvegur G-10)**

**Skriða:** Aurskriða féll úr Gleiðarhjalla.

**Tjón/atburðarás:** Aurskriða féll fyrir ofan byggðina á Ísafirði um klukkan 14:30 þann 29. Skriðan féll úr Gleiðarhjalla. Upptök skriðunnar voru í efstu brún hjallans og féll hún í djúpan og víðan skurð, sem lá þvert á stefnu hennar. Skurðurinn var einmitt gerður til að taka á móti aurskriðum sem þessari. Engar skemmdir urðu á mannvirkjum, en skriðan féll rétt hjá spennistöð (líklega farvegur G-10). Stórir steinar voru í skriðunni og um tíma var talin nokkur hætta á grjóthruni úr brúninni.

**Veður:** Ekki er alveg ljóst hvernig veður var þegar skriðan féll, nema það var þurr þ. 29. Hitahámörk í mánuðinum nást þessa dagana á Vestfjörðum, svo líklega ollu leysingar í fjöllum skriðufallinu.

**Heimildir:** Veðráttan, júní 1983, Halldór G. Pétursson 1991.

### **21.-23. maí 1987, Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegir G-10, G-15, G-16, G-17)**

**Skriður:** Um tugur aurskriðna féllu úr Eyrarfjalli, margar úr brún Gleiðarhjalla.

**Tjón/atburðarás:** „Milli átta og tíu aurskriður hafa fallið úr Eyrarhlíðinni í vorleysingum síðustu daga og meðal annars lokað Hnífsdalsveginum á tveimur stöðum um tíma. Fjöldi fólks fylgdist með því um miðjan dag í gær (22.05.), þegar aurskriða féll úr Gleiðarhjalla í átt að gamla dagheimilinu við Hjallaveg. Skriðan féll um 100 m fyrir ofan lóð dagheimilisins og olli engum skemmdum“. Það er líklega farvegur G-10 sem hefur hlaupið úr.

Stærstu aurskriðurnar féllu yfir Hnífsdalsveg rétt utan við bæinn og rifu með sér lítinn kofa, slitu símastreng og skemmdu lítils háttar tvo fiskhjalla sem þar eru. Þar sem mesta hlaupið varð féllu minnsta kosti fjórar skriður á sama stað á um einum sólarhring. Þrjár voru þó stærstar og féllu alveg fram í sjó. Sú síðasta stöðvaðist við vegarbrúnina. Vegagerðinni tókst að opna veginn eftir skamma stund, en rúmmál skriðunnar var talið vera milli 3-4000 m<sup>3</sup>. Líklega hefur fallið úr farvegum G-15, G-16 og G-17. Það mun hafa verið úr farvegi G-17 sem féll að minnsta kosti fjórum sinnum á sama sólarhringnum.

**Veður:** Þessa dagana var þurr og hlýtt og því miklar leysingar.

**Heimildir:** Veðráttan, maí 1987, Halldór G. Pétursson 1991.

### **7. desember 1991, Eyrarhlíð**

**Skriða:** Aurskriða féll á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

**Tjón/atburðarás:** „Vegurinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals lokaðist vegna aurskriðu aðfaranótt laugardagsins (07.12.), og reyndist sú skriða vera í stærra lagi“.

**Veður:** „Á Ísafirði hefur verið allt að 8-9 stiga hiti að deginum og hafa leysingar orðið miklar og að auki hefur gengið á með skúrum“.

**Heimildir:** Veðráttan, des. 1991, Halldór G. Pétursson 1993.

**Ath:** Í þetta skriftið féllu einnig skriður í Ísafjarðardjúpi og víðar á Vestfjörðum.

### **25.-28. september 1996, Gleiðarhjalli (farvegir G-4, G-11, G-12, G-13)**

**Skriður/grjóthrun:** Sjö aurskriður féllu úr Gleiðarhjalla.

**Tjón/atburðarás:** Sjö aurskriður féllu úr Gleiðarhjalla dagana 25.-28. september. Skriðurnar náðu flestar niður í miðja hlíð, en ein sem féll úr Krókslæk (27.09.) (farvegur G-11), féll niður í framræsluskurð fyrir ofan Hjallaveg 13. Talsvert efnismagn fór á hreyfingu í farvegi G-4, við Stakkaneshrygg. Einnig féllu skriður í farvegum G-8, G-12 og G-13 en flestar þeirra náðu ekki nema niður í miðja hlíð.

Um skriðuna sem féll úr Krókslæk (farvegur G-11) segir svo: „Litlu mátti muna á Ísafirði í dag (27.09.) þegar stór aurskriða féll niður hlíðina fyrir ofan bæinn. Skurður við fjallsræturnar fylltist en hús voru ekki í hættu, að sögn heimamanna. Skriðan sem féll laust fyrir kl. 14:30 og var nokkuð efnismikil, en töluvert lengi á leiðinni niður, ca. 7-8 mín. Skurðurinn ofan við byggðina tók við öllu þessu efnismagni, en hann var á sínum tíma grafinn til að taka við aurskriðum“. Þá hrundi meira á svipuðum slóðum skömmu seinna (28.09.). Áætlað efnismagn sem kom niður í þessari skriðu var 120-140 m<sup>3</sup> og upp úr skurðinum var mokað um 80 m<sup>3</sup>.

**Veður:** „Rígt hefur sólarhringum saman og að sögn fróðra manna hefur mikið vatn safnast saman ofan á Gleiðarhjallanum“. Getið þess að rígt hafi á Ísafirði a.m.k. 68 mm, einhvern tíma á þessu tímabili (Bolungavík 25.09.96. - 30.4 mm).

**Heimildir:** Veðráttan, sept. 1996, Gögn Náttúrufræðistofnunar og Veðurstofnunar, Oddur Pétursson, munnlegar upplýsingar 1999.

### **Mai/júní 1998, Gleiðarhjalli**

**Skriður:** Smáspýjur féllu úr farvegum í brún Gleiðarhjalla.

**Tjón/atburðarás:** Við vettvangskönnun sumarið 1998 kom í ljós að skriðuspýjur höfðu víða hlaupið úr brún Gleiðarhjalla við vorleysingar í mai/júní. Þessar spýjur höfðu allar hlaupið stutt niður í farvegina.

**Veður:** Tengist hugsanlega hlýindakafli 19.-25. maí, en þá voru miklar leysingar.

**Heimild:** Gögn Veðurstofnunar.

### **10.-12. júní 1999, Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegur G-5, G-8, G-9, G-11)**

**Skriður/grjóthrun:** Miklar aurskriður féllu og grjóthrun varð úr Gleiðarhjalla fyrir ofan byggðina á Ísafirði. Mesta aurmagnið kom úr gili G-5, sem stefnir í átt að húsunum nr. 68 og 70 við Urðarveg, eða á að giska um 2500-3000 m<sup>3</sup>. Aur rann niður á lóðir húsanna nr. 68, 70 og 78 við Urðarveg og vatn komst í kjallara nr. 78. Þá rann aurleðjan niður á Seljalandsveg og stíflaði ræsi og niðurföll þar. Úr farvegi Krókslækjar (farvegur G-11), er talið að fallið hafi á að giska um 700-800 m<sup>3</sup>.

**Tjón/atburðarás:** Fimmtudagurinn 10. júní.

Aurrennslið úr farvegi G-5 hófst 10. júní kl. 23:30 með aurflóði sem náði niður í skurð, sem er fyrir ofan lóðir húsanna nr. 50 - 78 við Urðarveg. Skurðurinn sem er um

2 m á dýpt og 4 m á breidd að ofan og 0.5 m í botninn, fylltist á 30 m kafla. Skurðgrafa kom fljótlega á staðinn og mokaði úr skurðinum.

Um kl 23:43 féll aurskriða úr farvegi Krókslækjar (farvegur G-11), sem liggur á mótis við húsin nr. 7 og 9 við Hjallaveg. Þessi skriða náði niður að framræsluskurðinum sem liggur ofan við byggðina og í sjó fram utan við Krókinn. Hann er svipaður að rúmmáli og skurðurinn ofan við Urðarveg. Ofan í þennan skurð féll um 10 tonna steinn í þessari hrinu.

#### Föstudagurinn 11. júní.

Um kl. 6:30 féll aurskriða á Hnífsdalsveg, milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Hún stöðvaðist á veginum um 2.5 m frá neðri vegarbrún. Breidd skriðunnar á vegi var 16 m og þykkt um 1.5 m. Magn skriðuefnis var um 140 m<sup>3</sup> á veginum.

Um kl. 9:30 féll aurskriða úr Krókslæk (farvegur G-11). Féll hún niður í skurðinn ofan við byggðina og hálfyllti hann á 40 m kafla. Skurðgrafa mokaði upp úr skurðinum.

Um kl 14:00 féll aurskriða úr farvegi G-5 og í skurðinn undir hlíðinni. Var það svipað magn fyrr hafði fallið. Skurðgrafa mokaði upp úr skurðinum.

Um kl. 16:30 féll skriða aftur úr farvegi G-5, sem fyllti skurðinn á kafla. Skömmu síðar féll önnur og fór hluti hennar inn á lóðir nr. 68 og 70 við Urðarveg. Aur og vatn rann á inn á lóð nr. 70 og þar komst vatn í geymslu. Skömmu síðar komu skurðgröfur á staðinn og voru þær þar á meðan aurrennsli var. Tókst þeim að varna því að aur bærist á fleiri lóðir. Vatn og aur rann áfram niður á Seljalandsveg en niðurfall sem er í skurðinum stíflaðist.

Um kl. 22:00 komu nokkrar aurbylgjur (4-5) með um 15-30 mín. millibili. Þessar bylgjur fylltu skriðufarveginn á um 20-30 m kafla meðan þær runnu. Þess á milli mátti heita að vatnsrennslið hætti. Eftir þessa hrinu var skurðurinn fullur af aur, en reynt var að mynda varnargarð á neðri skurðbakkanum með uppmokstrinum. Með því tókst að koma í veg fyrir frekari aurrennsli niður á lóðir og hús.

Um kl. 22:30 féll stór steinn, sem mældist um 21 tonn, efst úr farvegi G-5. Hann féll niður hlíðina á mikilli ferð, en staðnæmdist um 80 m fyrir ofan Urðarveg 62.

Um kl. 23:00 ákvað svo Almannavarnarnefnd að rýma nokkur hús við Urðarveg, Seljalandsveg og Miðtún.

#### Laugardagurinn 12. júní.

Frá kl. 00:00 til 03:00 féllu tvær aurskriður úr farvegi G-5 svipaðar og hinar fyrri og ein lítil kl. 06:00, sem stöðvaðist í miðri hlíð. Var það síðasta aurbylgjan sem þarna féll. Talsvert vatnsrennsli var áfram, en fór minnkandi er leið á daginn. Þá hafði hitastig farið lækkandi og var um morguninn 8 stiga hiti og þoka niður í miðjar hlíðar.

Um kl. 02:00 féll aurskriða úr farvegi G-11, Krókslæk og fyllti hún skurðinn neðan við á kafla. Um kl. 06:00 féll önnur svipuð. Skurðgrafa var á staðnum og mokaði úr skurðinum. Síðasta skriðan féll úr þessum farvegi um kl. 09:00 en hún stöðvaðist í miðri hlíð. Alls mun aurmagnið sem grafið var upp úr skurðinum vera um 450 m<sup>3</sup>.

Um kl. 11:00 féll aurskriða úr farvegi sem endar við beygjuna á spennistöðvarveginum (farvegur G-9). Þarna hafa komið skriður á nokkra ára fresti, flestar þó litlar. Skriðan stöðvaðist í skurðinum, sem er meðfram veginum en hann er um 1.5 m á breidd og 0.7 m á dýpt. Skurðurinn fylltist á 20 m kafla og vatn og aurleðja rann í niðurföll við Urðarveg, sem tókst að halda opnum. Litlar skemmdir urðu á mannvirkjum en vatn gróf rás í veginn að spennistöðinni. Aurmagnið í skurðinum var um 20 m<sup>3</sup>.

Í farvegi G-8 varð lítilsháttar aurrennsli sem stöðvaðist á miðjum Stórurðarhryggnum, en ekki er vitað nákvæmlega hvenær það varð.

**Veður:** Um vorið var óvenjumikill snjór í fjöllum miðað við árstíma. Þann 21.-22. maí var kalt í veðri og fennti í fjöllum þannig að grátt var niður í hlíðarrætur. Einnig var töluvert krap í byggð. Vegna lágs hitastigs og hægrar leysingar til fjalla var talsvert eftir af nýsnævi þar. Þann 10.-11. júní hlýnaði mikið og hiti fór upp í 17 stig með allhvössum sunnanvindi. Nýsnævið bráðnaði mjög ört og af hlutust miklir vatnavextir, sem orsökuðu aurrennsli og skriðuföll. Athyglisvert er að engin úrkoma mældist á Ísafirði frá 1. til 10. júní.

**Heimildir:** Gögn Veðurstofunnar safnað á vettvangi af Þorsteini Sæmundssyni, Oddi Péturssyni og Armelle Decaulne.

**Ath:** Þessa dagana voru mjög miklar leysingar á Vestfjörðum og Norðurlandi, féllu þá skriður víða í báðum landshlutum.

## 2.2 Hnífsdalur

Ekki er hægt að segja annað en litlar heimildir séu um skriðuföll í Hnífsdal á tímabilinu. Jarðfræðileg ummerki benda einnig til þess að skriðuvirkni á svæðinu hafi verið lítil síðustu áratugi (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999).

## 3.-4. nóvember 1965

**Skriður:** „Miklar skemmdir urðu á tveimur túnum í Hnífsdal vegna skriðufalla“.

**Tjón/atburðarás:** Miklar skemmdir á túnum.

**Veður:** Þann 3. þokaðist hæðarhryggur austur yfir landið, og vindur gekk til suðausturs og síðan suðurs og suðvesturs, en þá var vaxandi lægð á Grænlandshafi. Varð suðvestan stormur eða rok víða um vestanvert landið og mikil rigning á Vesturlandi og Vestfjörðum. (Suðureyri 04.11.65 - 87 mm, Galtarviti 04.11.65 - 24.8 mm, Hornbjargsviti 04.11.65 -35.8 mm). Þann 4. var lægðin milli Vestfjarða og Grænlands, og vindur varð vestlægari. Þessa tvo daga hlýnaði talsvert. Eflaust hafa orðið leysingar og bætt við regnvatnið, sem orsakaði víða flóð og skriðuföll og urðu víða vegaskemmdir.

**Heimildir:** Veðráttan, nóv. 1965, Ólafur Jónsson 1974, Halldór G. Pétursson 1992.

**Ath:** Mjög mikil skriðuföll urðu á Ísafirði og verða þau að teljast með þeim meiri sem vitað er um í nágrenni Ísafjarðarkaupstaðar. Auk þess varð tjón í þeim mjög mikið. Skriður féllu víðar á Vestfjörðum. Á Óshlíð féllu a.m.k. 20-30 skriður og skriðuföll urðu í Hnífsdal og á Bolungarvík. Þá er getið um skriður á Breiðadalsheiði, í nágrenni Súðavíkur, Súgandafirði, Öfundarfirði, Dýrafirði og Patreksfirði. Þá urðu einnig mikil skriðuföll í Austur-Barðastrandarsýslu.

## 10-12. júní 1999

**Skriður:** Tvær skriður féllu innan við bæinn Bakka í Hnífsdal.

**Tjón/atburðarás:** Tjón varð ekkert í þessum skriðuföllum.

**Veður:** Um vorið var óvenjumikill snjór í fjöllum miðað við árstíma. Þann 21.-22. maí var kalt í veðri og fennti í fjöllum þannig að grátt var niður í hlíðarrætur. Einnig var töluvert krap í byggð. Vegna lágs hitastigs og hægrar leysingar til fjalla var talsvert eftir af nýsnævi þar. Þann 10.-11. júní hlýnaði mikið og hiti fór upp í 17 stig með allhvössum sunnanvindi. Nýsnævið bráðnaði mjög ört og af hlutust miklir vatnavextir, sem orsökuðu aurrennsli og skriðuföll. Athyglisvert er að engin úrkoma mældist á Ísafirði frá 1. til 10. júní.

**Heimild:** Gögn Veðurstofunnar, Þorsteinn Sæmundsson.

**Ath:** Á sama tíma urðu mjög mikil skriðuföll úr Gleiðarhjalla á Ísafirði.

### 3 FORN SKRIÐUFÖLL

Þær upplýsingar sem hér er um að ræða eru að mestu fengnar úr Jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en hún var tekin saman um svæðið árið 1710. Með meiri yfirlegu yfir ýmsum öðrum heimildum má ef til vil finna eitthvað meira, en það kostar þá talsverða fyrirhöfn. Í Jarðabókinni kemur fram að flestar jarðir á svæðinu (Hnífsdal, Skutilsfirði og Arnardal) liggja undir skemmdum af völdum skriðufalla og snjóflóða, og er þessar jarðir allar merktar á mynd 3.

**Hnífsdalur neðri:** Túninu hefur skriða spillt fyrrum, er og hætt að oftast falli. Engjunum spilla skriður stórum árlega og hafa þriðjung þeirra burttekið. Hagar jarðarinnar eru stórlega af skriðum skemmdir (Jarðabókin 1710).

**Búð:** Tún hjáleigunnar er spillt af skriðu. Engjarnar eru af skriðum til helminga fordjarfaðar (Jarðabókin 1710).

**Hraun:** Túninu hefur skriða spillt fyrir nokkrum árum. Á engjarnar hefur og skriða fallið og þeim spillt (Jarðabókin 1710).

**Hnífsdalur fremri:** Hætt er hér útigangspeningi fyrir snjóskriðum á vetur. Grjótskriður hafa engjum spillt (Jarðabókin 1710).

**Eyri:** Engjar hafa spillt af skriðum og fyrir því eyðilagðar til þriðjunga. Úthagar eru og mjög víða í hjóstur komnir fyrir skriðum og grjóthruni (Jarðabókin 1710).

**Seljaland:** Túnið hefur spillt af Seljalandsá, sem borið hefur á það grjót og gjört sér gegnum það farveg. Engjar hafa spillt stórlega af skriðum, sem að enn nú áeykst árlega meir og meir (Jarðabókin 1710).

**Hafrafell:** Hætt er kvikfé fyrir afætudýjum og svo fyrir grjóthruni og skriðum úr fjalli (Jarðabókin 1710).

**Engidalur:** Engjar spillast af jarðföllum og skriðum og Engidalsá, sem ber á þær grjót og sand. Hætt er bænum fyrir skriðufalli, þó hefur það ekki hingað til mein gjört (Jarðabókin 1710).

**Fossar:** Enginu grandar grjóthrun og skriður úr brattlendi (Jarðabókin 1710).

**Kirkjuból:** Túnið spillist af skriðum til stórskaða. Engjarnar hafa spillt af skriðum í sama máta, og eyðilagt af þeim hér um þriðja partinn. Hætt er kvikfénaði fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum á vetur þegar fjörðinn ísar. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum (Jarðabókin 1710).

**Seljabrekka:** Eyðihjáleiga, hefur í auðn legið síðan bóluna. Túnið var lítið, nú að mestu eyðilagt vegna skriðufalls. Engið er eyðilagt fyrir skriðum (Jarðabókin 1710). - Utar með firðinum, þeim megin, gegnt Eyraroddanum, voru **Seljabrekkur**. Sá bær lagðist í eyði af skriðum (Sóknarlýsingar Vestfjarða 1838-1859, Ólafur Lárusson 1952). - Utan við Kirkjubæ var áður bær, Seljabrekka. Hann tók af á 18-19. öld vegna skriðufalla (Örnefnaskrá Skutulsfjarðar, Örnefnastofnun 1978).

**Arnadalur fremri:** Engjarnar hafa spilt stórlega af grjóts áburði úr Arnardalsá svo og af smáskriðum úr brattlendi. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og hefur þetta snjóflóð fyrir 9 árum tekið þriðja bæjarhúsið, þó grandaði ei fólkinu (Jarðabókin 1710).

**Arnadalur neðri (Fremrihús):** Engjar hafa mjög fordjarfast af skriðum (Jarðabókin 1710).

#### 4 NIÐURSTÖÐUR

Skriðuföll á Ísafirði og Hnífsdal á árunum (1934-1999) tengjast yfirleitt miklum rigningum á skömmum tíma. Þá hafa orðið skriðuföll við leysingar og einnig þegar mikið rignir niður í snjó.

Aðeins hafa fundist heimildir um tvö skriðuföll í Hnífsdal á tímabilinu. Urðu þau bæði utan byggðar á svæðinu.

Það er líklegt að á tímabilinu hafi orðið mun oftast skriðuföll á Ísafirði, en heimildir greina frá (sjá töflu 1). Sérstaklega má búast við að grjóthrun sé vanskráð. Þó er reiknað með að flestra ef ekki allra stærri atburða sem orðið hafa á tímabilinu sé getið. Mestu skriðuföllin á tímabilinu virðast hafa orðið 3.-4. nóvember 1965. Ef geta á fleiri stórra skriðufalla má nefna, 27.-28. ágúst 1977 og 10.-12. júní 1999.

Mest áhersla hefur verið lögð á að staðsetja skriðuföll úr þeim skriðufarvegum sem liggja ofan við byggðina á Ísafirði. En búast má við að í hvert skifti hafi mun fleiri skriður fallið, en þær sem eru staðsettar. Á tímabilinu eru staðsettar skriður úr eftirtöldum farvegum:

|                      |              |                        |
|----------------------|--------------|------------------------|
| <b>Farvegur S-3</b>  | 1 skriðufall | 1965                   |
| <b>Farvegur G-1</b>  | 1 skriðufall | 1977                   |
| <b>Farvegur G-4</b>  | 2 skriðuföll | 1965, 1996             |
| <b>Farvegur G-5</b>  | 2 skriðuföll | 1943, 1999             |
| <b>Farvegur G-6</b>  | 1 skriðufall | 1943                   |
| <b>Farvegur G-7</b>  | 1 skriðufall | 1980-85                |
| <b>Farvegur G-8</b>  | 3 skriðuföll | 1951, 1965, 1999       |
| <b>Farvegur G-9</b>  | 1 skriðufall | 1999                   |
| <b>Farvegur G-10</b> | 3 skriðuföll | 1955-56, 1983, 1987    |
| <b>Farvegur G-11</b> | 4 skriðuföll | 1934, 1965, 1996, 1999 |
| <b>Farvegur G-12</b> | 1 skriðufall | 1996                   |
| <b>Farvegur G-13</b> | 1 skriðufall | 1996                   |
| <b>Farvegur G-15</b> | 3 skriðuföll | 1965, 1977, 1987       |
| <b>Farvegur G-16</b> | 1 skriðufall | 1987                   |
| <b>Farvegur G-17</b> | 1 skriðufall | 1987                   |

Ekki er vitað um nein slys á Ísafirði við skriðuföll eða grjóthrun á tímabilinu en nokkrum sinnum hafa þó skriður fallið á hús eða nærri húsum. Má sérstaklega geta skriðufallanna 3.-4. nóvember 1965, en þá féllu skriður á hús við Seljalandsveg og Hnífsdalsveg. Á sama hús við Hnífsdalsveg mun einnig hafa fallið skriða árið 1977.




## 5 HEIMILDIR

- Halldór G. Pétursson 1991: Drög að skriðuannál 1971-1990. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 14. 58 bls.
- Halldór G. Pétursson 1992: Skriðuannál 1951-1970. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 16. 57 bls.
- Halldór G. Pétursson 1993: Skriðuannál 1991-1992. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 17. 16 bls.
- Halldór G. Pétursson 1994: Skriðuannál 1993-1994. Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri, skýrsla 2. 18 bls.
- Halldór G. Pétursson 1996: Skriðuannál 1925-1950. Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri, skýrsla 3. 69 bls.
- Halldór G. Pétursson 1997: Skriður og skriðuföll. Náttúrufræðistofnun Íslands - Ársrit 1996. bls. 12-21.
- Halldór G. Pétursson 1996: Skriðuannál 1925-1950. Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri, skýrsla 3. 69 bls.
- Harpa Grímsdóttir 1999: Byggingarár húsa á Ísafirði. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G99014-ÚR08. 36 bls.
- Haukur Tómasson 1969: Steinhrun og skriðuhætta við Ísafjarðakaupstað. Orkustofnun, greinargerð, 12 bls.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1710: Ísafjarðarsýsla. 487 bls.
- Ólafur Jónsson 1957: Skriðuföll og snjóflóð I og II. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 586 og 555 bls.
- Ólafur Jónsson 1974: Skriðuannál 1958-1974. Jökull 24. bls 63-76.
- Ólafur Lárusson (ritst.) 1952: Sóknarlýsingar Vestfjarða 1838-1859., Samband vestfirska áttahagafélaga, Reykjavík, 310 bls.
- Forsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999: Skriðuhætta á Ísafirði og í Hnífsdal. Veðurstofa Íslands, Greinargerð, VÍ-G99026-ÚR14.
- Örnefnastofnun 1978: Örnefnaskrá Skutulsfjarðar, handrit Ólafs Magnússonar.

**Tafla 1:** Yfirlit um skriðuföll sem orðið hafa á Ísafirði og í Hnífsdal á tímabilinu (1797-1999) og ratað hafa í skráðar heimildir. Upptalningin er alls ekki tæmandi og viðbúið að mun fleiri skriður og grjóthrun hafi orðið á tímabilinu.

| Dagsetning         | Staðsetning                                                                                         | Tjón                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|--------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 8.-9. jan. 1797    | Eyrarfjall?                                                                                         | ?                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| 11. júlí 1899      | Gleiðarhjalli.                                                                                      | Braut túngarða og spillti túnnum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| 20.-21. sept. 1900 | Eyrarhlíð.                                                                                          | Vegurinn til Hnífsdals skemmdist.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| 3.-5. júní 1934    | Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegur G-11).                                                           | Vegurinn til Hnífsdals teppist. Skriður ollu töluverðu tjóni á túnnum og matjurtagörðum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| 13. ágúst 1936     | Eyrarhlíð.                                                                                          | Vegurinn til Hnífsdals lokaðist þegar tólf skriður féllu á hann.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| 21.-22. sept. 1942 | Eyrarhlíð.                                                                                          | Skriða féll á veginn til Hnífsdals.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Líklega vor 1943   | Gleiðarhjalli (farvegir G-5,G-6).                                                                   | Ekkert tjón en skriðurnar féllu í sjó fram.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| 24. okt 1943       | Kubbi, norðanverður.                                                                                | Mikil spjöll á túninu á Hafrafelli, vegur lokaðist.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Haust 1951         | Gleiðarhjalli (farvegur G-8).                                                                       | Grjóthrun varð ofan við spennistöð Orkubús Vestfjarða. Endaði á túni ofan við byggðina.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| 18. okt. 1953      | Eyrarhlíð.                                                                                          | Þrjár skriður féllu á veginn til Hnífsdals og lokuðu honum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| 13. apríl 1955     | Eyrarhlíð.                                                                                          | Tólf skriður féllu á veginn til Hnífsdals og lokuðu honum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
| Um 1955-56         | Gleiðarhjalli (farvegur G-10).                                                                      | Lítill aurskriða féll niður á Urðargötu. Skriðan fór yfir ræktað tún en olli ekki öðru tjóni.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| 19.-20. nóv. 1956  | Eyrarhlíð.                                                                                          | Sex stórar skriður auk margra minni féllu úr Eyrarhlíð. Vegurinn til Hnífsdals lokaðist.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| 18.-19 nóv. 1958   | Eyrarhlíð.                                                                                          | Skriður féllu á veginn til Hnífsdals og lokuðu honum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Sept. 1960         | Dagverðardalur.                                                                                     | Aurskriða (jarðfall) féll í vestanverðum dalnum. Olli tjóni á ferskvatnslögn sem þá var í smíðum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| 18.-20. okt. 1965  | Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegur G-8), Dagverðardalur, Kirkjubólshlíð.                            | Skriður féllu víða úr Eyrarfjalli. Vegurinn til Hnífsdals teppist. Skriðuföll og grjóthrun úr Gleiðarhjalla. Þjarg féll í nágrenni aðveitustöðvar rafveitunnar. Líklega féllu skriður í vatnsbólíð á Dagverðardal. Vegurinn til Súðavíkur lokaðist.                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| 3.-4. nóv. 1965    | Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegir S-3, G-4, G-11, G-15) Dagverðardalur, Kirkjubólshlíð, Hnífsdalur | Vegurinn til Hnífsdals lokaðist. Skriður féllu úr Gleiðarhjalla og urðu mestu skriðuföllin við Stakkaneshrygg (farvegur G-4). Þar skemmdu skriður íbúðarhús og lóðir (Seljalandsvegur, Miðtún). Skriður féllu einnig víða annarstaðar niður að íbúðarhúsum og skriða féll á íbúðarhús við Hnífsdalsveg (farvegur G-15). Skriða féll á Dagverðardal og vegurinn til Súðavíkur lokaðist. Mjög mikið eignatjón á Ísafirði og eru þetta með mestu skriðuföllum sem þar hafa orðið á tímabilinu. Skriður féllu á tún í Hnífsdal og skemmdu mikið. |
| 28.-29. jan. 1972  | Eyrarhlíð.                                                                                          | Skriður féllu milli Ísafjarðar og Hnífsdals og lokuðu veginum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| 4. ágúst 1976      | Eyrarhlíð.                                                                                          | Tvær skriður féllu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals og lokuðu honum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |

|                    |                                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
|--------------------|-----------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 27.-28. ág. 1977   | Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegir G-1 eða S-4, G-15) Kirkjubólshlíð. | A.m.k. 38 skriður féllu úr Eyrarfjalli. Margar skriður féllu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals og lokuðu honum. Skriða féll á íbúðarhús við Hnífsdalsveg (farvegur G-15) og skemmdi það. Skriður skemmdu Seljalandsveg. Vegurinn til Súðavíkur lokaðist. Mikið tjón hlaut af þessum skriðuföllum.    |
| 1980-85            | Gleiðarhjalli (farvegur G-7).                                         | Einhvern tíma á þessu tímabili féll stórgrýti niður í skógræktina.                                                                                                                                                                                                                                        |
| 29. júní 1983      | Gleiðarhjalli (farvegur G-10).                                        | Aurskriða féll úr Gleiðarhjalla og stöðvaðist í skurði fyrir ofan byggðina. Féll rétt hjá spennistöð Rafveitunnar.                                                                                                                                                                                        |
| 21.-23. maí 1987   | Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (farvegir G-10, G-15, G-16, G-17).           | Milli átta og tíu aurskriður féllu úr Eyrarhlíð og lokuðu veginum til Hnífsdals, að minnsta kosti á tveimur stöðum. Aurskriða féll úr Gleiðarhjalla og staðnæmdist um 100 m ofan við gamla dagheimilið við Hjallaveg.                                                                                     |
| 7. des. 1991       | Eyrarhlíð.                                                            | Aurskriður féllu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals og lokuðu honum.                                                                                                                                                                                                                                  |
| 25.-28. sept. 1996 | Gleiðarhjalli (farvegir G-4, G-11, G-12, G-13).                       | Sjö aurskriður féllu úr Gleiðarhjalla. Aurskriðurnar staðnæmdust nær allar í miðri hlíð, en ein þeirra, úr Krókslæk féll ofan í skurð.                                                                                                                                                                    |
| Maí/júní 1998      | Gleiðarhjalli.                                                        | Smáspýjur féllu úr brún Gleiðarhjalla og niður í hlíðina.                                                                                                                                                                                                                                                 |
| 10.-12. júní 1999  | Eyrarhlíð, Gleiðarhjalli (G-5, G-8, G-9, G-11), Hnífsdalur            | Aurskriður féllu úr Gleiðarhjalla, flæddu yfir lóðir við Urðarveg og hlutust nokkrar skemmdir af því. Einnig urðu skemmdir á holræsakerfi bæjarins. Mikið grjóthrun átti sér einnig stað víða í hlíðinni. Skriða féll á veginn til Hnífsdals. Einnig féllu aurskriður fyrir innan bæinn Bakka í Hnífsdal. |




**Mynd 1:** Skriðusvæði og skriðufarvegir á Ísafirði (Þorsteinn Sæmundsson og Halldór G. Pétursson 1999).

Svæði B: Eyrarfjall frá Seljalandsá að Gleiðarhjalla. Farvegir S-1 – S-4.


Svæði C: Eyrarfjall neðan Gleiðarhjalla. Farvegir G-1 – G-19.

(G-4 Stakkaneshjalli, G-8 Stóraurð, G-11 Krókslækur).



Copyright Vebursteini Íslands. Slitning byggja á heimilt að prenta Veburstaftu í alla code.

Mynd 2: Staðsett skriðuföll á Ísafirði 1934-1999.



Mynd 3: Jarðir í Skutulsfirði þar sem að fornu er getið skriðufalla eða skriðuhættu.